

Landsamband sumarhúsaeignenda
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík,
b.t. Sveins Guðmundssonar, hrl.

Reykjavík, 8. janúar 2010


Efni : Stjórnsýslukæra.

Meðfylgjandi sendi ég þér til umsagnar greinargerð Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógarbyggðar.

Ef þér óskið eftir að koma að athugasemdum er þess vænst að það verði gert innan 14 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllst,

f.h. úrskurðarnefndar


Sigríður Dagnar Jónsdóttir,
F.h. Steinunnar Guðbjartsdóttur formanns



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir
b/t Steinunnar Guðbjartsdóttur hrl
Brekkgærði 7
108 Reykjavík

Borg 07.01.2010

Efni: Stjórnsýslukæra vegna framkvæmdar á sorphirðu.

Með bréfi móttæknu þann 29.12.2009 barst sveitarfélaginu erindi frá Úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir stjórnsýslukæra, dags. 27.10.2009, sem Landsamband sumarhúsaeiganda sendi Umhverfisstofnun. Stjórnsýslukærunni var beint gegn **Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð**. Þar sem stjórnsýslukæran beinist gegn báðum sveitarfélögum og sama sorphirðukefi og sömu breytingar verða á sorphirðu munu sveitarfélögin svara kærunni sameiginlega.

Í fyrsta lagi skal upplýst að sveitarfélögin stóðu sameiginlega að nýjum reglum og útbóði á sorphirðu í sveitarfélögunum. Var gengið til samninga sumarið 2009 við lægstþjófðanda Gámaþjónustuna hf. Var það sami aðili og hefur verið áður með sorphirðu í sveitarfélögunum. Nýjar samþykktir um sorphirðu og sorpeyðingu voru samþykkar í Grímsnes- og Grafningshreppi þann 3. desember 2009 og jafnframt var þá samþykkt ný gjaldskrá sem tæki gildi fyrir árið 2010. Bláskógabyggð samþykkti sambærilegar samþykktir og gjaldskrá fyrir árið 2010, þann 8. desember 2009. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur samþykkt nýjar samþykktir og gjaldskrá og samþykktirnar eru núna til afgreiðslu hjá Umhverfisstofnun.

Þegar ofangreind kæra frá Landsambandi sumarhúsaeigenda barst Umhverfisstofnun voru umræddar reglur ekki búnar að taka gildi og engin breyting var orðin á fjærþjónustu við sumarhúsaeingur varðandi heimilsgáma á opnum svæðum í sveitarfélögunum. Ekki hafa verið lagðar neinar álögur á sumarhúsaeigendur umfram þær sem ákveðið var í upphafi ársins 2009. Kæra þessi á því ekki við nein rök að styðjast þar sem eingöngu var verið að kynna íbúum sveitarfélagsins og sumarhúsaeignendum sl. haust áveðnar breytingar sem myndu verða á sorphirðu og sorpeyðingu þegar nýjar reglur tæku gildi.


Eina breytingin sem varð var að tekin var upp tunnhrirðing hjá öllum íbúum í sveitarfélögunum, þ.e. tveggja tunnu kefri Grá- og Blátunnu, frá og með 1. okt. sl. Það var gert íbúum að kostnaðarlausu fyrir árið 2009 og kemur í raun ekkert inn á málefni sumarhúsaeiganda en er aukin þjónusta við íbúa. Þá var tekin sú ákvörðun að gámastöðvar sveitarfélagana yrðu opnar á ákveðnum tímum og mannaðar en ekkert gjald var eða verður tekið fyrir móttöku á sorpi fyrr en nýjar reglur hafa tekið formlega gildi.

Kæra Landssambands sumarhúsaeyganda á því við engin rök að styðjast og ber að vísa henni frá þar sem þau atriði sem kært er út af höfðu ekki tekið gildi og enginn auka kostnaður lagður á sumarhúsaeygendur á árinu 2009 þegar kærán er lögð fram.


Ef óskað er frekari upplýsinga er óskað að haft verði samband við undirritaða aðila

Virðingarfyllst,

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps


Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri

f.h. Bláskógabyggðar


Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri